



Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036, endurskoðun

Umsögn skipulagsdeildar Kópavogs

Dags. 11. maí 2022

Varðar erindi


Á fundi skipulagsráðs Kópavogs þann 2. maí 2022 var lagt fram erindi sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 25. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Kópavogsbæjar vegna endurskoðunar aðalskipulags Ölfuss 2020 - 2036. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsdeildar Kópavogs.

Umsögn


Skipulagsdeild Kópavogs gerir ekki athugasemd við kynnt endurskoðað Aðalskipulag Ölfus 2020-2036 en vekur athygli á mögulegu misræmi í gögnum samanber eftirfarandi:

- Misræmi virðist vera varðandi friðland „F1 Herdísarvík“ sem í tillögu aðalskipulags Ölfuss er tvískipt;
 - o annars vegar fláki frá Litla Kóngsfelli (í Bláfjöllum) að sjó
 - o og hins vegar tveir minni flákar sýndir norðaustan og suðvestan við Vífilsfell (sem ekki er gerð grein fyrir í greinargerð aðalskipulagsins).
- Í gildandi aðalskipulagi Ölfuss er umræddir flákar í Bláfjöllum ekki sýndir.
- Á vef Umhverfisstofnunar er kort af sama friðlandi þar sem aðeins fláinn frá Litla Kóngsfelli að sjó (í Bláfjöllum) er sýndur.
- [Sjá skýringarmyndir hér á eftir og á næstu blaðsíðu.](#)


Klipp úr gildandi aðalskipulagi Ölfuss



Klipp úr auglýstri aðalskipulagstillögu




FS1 (ath)



Ölfus. Klipp úr stafrænum grunni í auglýstri tillögu.

FS1, Friðlýst svæði, Herðisarvík.

Mynd vinstra megin. Sjá má fláka frá Bláfjöllum að sjó.



Ölfus. Klipp úr stafrænum grunni í auglýstri tillögu.

FS1, Friðlýst svæði, Herðisarvík.


Mynd hægra megin. Sjá má (tvo) fláka í Bláfjöllum.

Ekki í samræmi við gögn á vef Umhverfisstofnunar né heldur gildandi aðalskipulag Ölfuss.

Friðland í Herðisarvík – Vefur Umhverfisstofnunar

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/herdisarvik/>

https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Herdisarvik_kort.pdf



Stj.úð. B, nr. 121/1988.

Sérpr. 512.

Auglýsing um friðland í Herðisarvík.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa jörðina Herðisarvík, Selvogshreppi, Arnessýslu og er hún friðland.

Mörk friðlandsins eru þess: Að vestan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells (x-682760,0 y-390000,0) sunnan við Grindaskörð, í Sýslustein (x-692533,8 y-378925,4) undir Geitahlíð og þaðan bein lína til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi (x-692603,2 y-376523,0).

Að austan bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells í Breiðabás.

Að sunnan 250 m út frá neðri fjörunörkum.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðbrask allt er óheimil án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólk er heimil för um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra í engu í bága við tilgang friðlýsingar.
3. Óheimil er að skerða gróður, trufla dýralíf eða skaða varp.
4. Beiti búfjár er óheimil innan girðingar í Herðisavíkurlandi.
5. Notkun skotvopna er óheimil í friðlandinu.
6. [Umhverfisstofnun] er heimil að takmarka umferð um ákveðna hluta friðlandsins á ákveðnum tímum.

Sérstök nefnd er [Umhverfisstofnun] til ráðuneytis um málefni friðlandsins og skal hún þannig skipuð að Háskóli Íslands, náttúruverndarnefnd Arnessýslu og [Umhverfisstofnun] tilnefna einn fulltrúa í nefndina og er fulltrúi [Umhverfisstofnunar] jafnframt formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákveðnum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsinginni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 19. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson

Rannólfur Þórarinnsson